

## Minnisblað

### Lagt fyrir Fjölskylduráð Hafnarfjarðar þann 15. ágúst 2018

Sveitarfélög á höfuðborgarsvæðinu gerðu með sér samkomulag í apríl 2014 um sameiginlega ferðapjónustu fyrir fatlað fólk tímabilið 1. janúar 2015 til 31. desember 2019. Á fundi stjórnar SSH 7. maí 2018 var lögð fram meðfylgjandi skýrsla Alta sem unnin var fyrir starfshóps samráðshóps forstöðumanna velferðarsviða sveitarfélaganna til undirbúnings, umræðu og ákvörðunartöku um framhald samstarfsins. Í skýrslunni er rýnt í núverandi kerfi og bent á möguleg sóknarfæri til hagræðingar í þjónustu og rekstri. Í erindi framkvæmdastjóra SSH frá 11. maí 2018 til aðildarsveitarfélaganna er óskað eftir því að afstaða þeirra til áframhaldandi samstarfs liggja fyrir eigi síðar en 15. september 2018.

Í samantekt framkvæmdastjóra SSH dags. 11. júlí 2018 sem unnin var fyrir samráðshópin eru dregnar fram fjárhagslegar og tæknilegar upplýsingar vegna þjónustuvers Strætó og Trapez kerfisins ásamt því að dregnar eru upp sex mismunandi sviðsmyndir um hugsanlegt fyrirkomulag á rekstri sameiginlegar ferðarþjónustu fyrir fatlað fólk. Þá hefur Erlendur Pálsson sviðsstjóri farþegaþjónustu Strætó bs. lagt fram minnisblað dags. 11. júlí 2018 þar sem listuð eru upp verkefni sem mikilvægt er að verði unnin þannig að sveitarfélögin hafi forsendur til að taka ákvörðun um næsta útböð þjónustunnar. Vinna þessi er að hluta hafin með fyrrgreindri samantekt framkvæmdastjóra SSH, auk þess sem Erlendur og Barry O'Connor, breskur ráðgjafi sem áður hefur verið leitað til, hafa hafist handa við að greina bílaflotan, áætla kostnað og koma með tillögu að samsetningu hans miðað við mismunandi rekstrarform.

Eins og fram kemur í minnisblaði framkvæmdastjóra SSH til Samráðshóps félagsmálastjóra dags. 12. júlí 2018 þarf að ljúka úrvinnslu á þeim álitamáli og verkefnum sem fram koma í fyrrgreindri samantekt hans og samantekt sviðsstjóra ferðapjónustu Strætó. Lagt er til að ráðinn verði verkefnastjóri sem getur tekist á við greiningu gagna, samræmt og stýrt vinnu þeirra aðila sem nauðsynlega þurfa að koma að verkefninu, auk þess að kynna mögulegar leiðir fyrir sveitarfélagunum. Áætlað umfang þeirrar vinnu er 1,5- 2 mánaða samfelld vinna ca 4-5 milljónir króna, auk vinnu fyrrgreinds ráðgjafa með ferðapjónustu sviði Strætó bs. sem geti numið 1,5-2 milljónum króna.

Í tillögu framkvæmdastjóra SSH er lagt til að sveitarfélögin sem aðild eiga að sameiginlegri ferðapjónustu fyrir fatlað fólk heimili að ráðinn verði sem fyrst verkefnastjóri til að annast fyrrgreind verkefni. Verkefnið verði vistað hjá SSH og unnið í samvinnu við samráðshóps félagsmálastjóra og farþegasvið Strætó bs. Kostnaður þess skiptist á milli þeirra sveitarfélaga sem nota þjónustuna í hlutfalli við íbúatölu. Ennfremur er lagt til að kostnaður sem leiðir af aðkomu bresks ráðgjafa verði greiddur í gegnum ferðapjónustu fatlaðs fólks og skiptist á milli sveitarfélaga eftir íbúafjölda.

Áætlaður kostnaður Hafnarfjarðarkaupstaðar af fyrrgreindum tillögum eru tæp 16% eða 640 þús. -800 þús. vegna ráðningar verkefnastjóra og 240 þús. til 320 þús. vegna breska ráðgjafans.

Lagt er til við fjölskylduráð að samþykkja fyrrgreindar tillögur um ráðningu verkefnastjóra og þjónustu bresks ráðgjafa vegna verkefnisins.



**HAFNARFJÖRÐUR**

Hafnarfjörður 8. ágúst 2018

Rannveig Einarsdóttir,  
Sviðsstjóri Fjölskylduþjónustu Hafnarfjarðar.